

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn:

1. Skólastjóri Loftskleytaskólans, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar.
2. Einn niðji Ottós B. Arnar, tilnefndur af þeim.
3. Maður kosinn af Félagi íslenzkra loftskleytamanna.

Ef ágreiningur verður um úthlutun verðlauna, ræður meirihlutinn.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og jafnframt fara fram á það við skattayfirvöld, að gjafir til sjóðsins verði frádráttarbærar frá skatti.

S A M Þ Y K K T**fyrir Veiðifélagið Hæng.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélagið Hængur. Heimili þess og varnarþing er Hörgslands-hreppur í Skaftafellssýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Hvalsíkis og Nýjaóss, en þær eru Núpsstaður, Rauðaberg, Kálfafell I og II, Blómsturvellir, Mariubakkar, Hvoll, Núpar, Seljaland, Dalshöfði, Teygingalækur, Slétta, Hrani og Orrustustaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr stjórninni eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. janúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T**um sorphreinsun í Patrekshreppi.****1. gr.**

Patrekshreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kauptúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar kauptúnsins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verzlunum o. s. frv. innan kaup- túnsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera frístandandi, hún fest á húsvegg eða henni komið fyrir í sorptunnu. Grindinni skal komið svo fyrir að sorppokinn hangi 2—5 cm. yfir jörð, gólfi eða tunnubotni. Lok skal vera yfir grindinni.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af pokagrindum og sjá um að auðvelt sé að komast að þeim. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka.

Sorphreinsun skal framkvæmd minnst 40 sinnum á ári eftir aðstæðum og skal fjöldi sorpgrinda miðaður við að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga.

Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsyn er. Hugsanleg vafatriði varðandi fjölda grinda (sorp- poka) úrskurðar heilbrigðisfulltrúi.

Við stórhátíðar eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum í áhalda- húsi hreppsins, en heimilt er sveitarstjórn að ákvarða sérstaka greiðslu fyrir slíkt.

3. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum. Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka. Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa eða beitta hluti má aðeins setja innan í plast eða pappír í pokana.